

Aðalfundur 13. febrúar 2015

Fundargerð

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) 2015.

Haldinn á Radisson SAS Hótel Sögu, Kötlu II, föstudaginn 13. febrúar 2015, kl. 13:00 -14:00.

Málþing hófst að aðalfundi loknum kl. 14:00-16:30.

Fundarstjóri: Elín R. Líndal og Guðrún María Valgeirsdóttir

Fundarritari: Halla Tinna Arnardóttir

Auglýst dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Örn Bergsson, formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann gerði að tillögu sinni að Elín R. Líndal og Guðrún María Valgeirsdóttir tækju að sér að stýra fundinum. Ekki komu fram fleiri tillögur um fundarstjóra og var tillagan samþykkt athugasemdalaust. Elín R. Líndal steig í pontu og lagði til að Halla Tinna Arnardóttir yrði ritari. Tillagan var samþykkt athugasemdalaust.

Pví næst var gengið til dagskrár sem lá svo fyrir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014.
2. Reikningar samtakanna fyrir árið 2014 lagðir fram til samþykktar.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
4. Árgjöld til samtakanna fyrir árið 2015.
5. Kosning aðal- og varastjórnar.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014

Örn hóf mál sitt á að minnst stofnunar Landssamtaka landeigenda á Íslandi fyrir átta árum þar sem helsta hlutverk samtakanna var að berjast gegn óbilgjörnum kröfum í þjóðlendumálunum. Örn sagði mikið vatn hafa runnið til sjávar síðan þá og árangur náðst hvað varðaði það markmið að LLÍ verði viðurkennt sem hagsmunasamtök sem opinberir aðilar leita til með umsagnir varðandi lagasetningar og reglugerðir eða umsögn um framkvæmdir sem varða hagsmuni landeigenda.

Örn fór því næst yfir stöðu þjóðlendumála en ríkið á eftir að lýsa kröfum í Vestfirði, Dali, Snæfellsnes og Austfirði. Stutt er síðan mál í Borgarfirði voru flutt fyrir Óbyggðanefnd og úrskurður Óbyggðarnefndar í Húnavatnssýslum var kveðinn upp í desember. Síðan eru mál fyrir Hæstarétti í Skagafirði. Örn minntist á að samtökin hefðu ekki fengið því framgengt á sínum tíma að fá þjóðlendulögunum breytt í þá veru að ríkið hefði sönnunarbyrðina fyrir þjóðlendukröfum sínum. Hins vegar hafi allt frá árinu 2012 verið á stefnuskrá samtakanna að fá endurupptökuákvæði í lögin, það er að í þjóðlendulögin verði sett ákvæði sem heimili endurupptöku finnist ný gögn sem sanna eignarrétt að landi sem dæmt hefur verið þjóðlenda. Örn sagði frá því á að stjórnarmenn LLÍ hefðu átt góðan fund með forsætisráðherra um málið

Í janúar en þjóðlendulögin heyra undir hann. Örn sagði embættismenn á móti breytingunum og bentu þeir á ný lög um dómstóla þar sem komið var á endurupptökunefnd, sjálfstæðri stjórnsýslustofnun sem tekur ákvörðun um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði eða Hæstarétti. Örn sagði stjórnina á móti þessu enda væru þjóðlendumálin þannig mál að sérstakt ákvæði þyrfti um endurupptöku, sér í lagi í ljósi þeirrar þungu sönnunarbyrði sem hvíli á landeigendum. Örn sagði þó ekki ljóst nú hvort árangur næðist í þessu máli.

Örn ræddi um fyrirhugaða gildistöku nýrra náttúruverndarlaga og fór sérstaklega yfir athugasemdir landeigenda við lögin, þ.e. þær greinar sem fjalla um utanvegarakstur og svokallaðan almannarétt. Hann sagði mikilvægt að gleyma ekki þeirri staðreynd að mikil breyting hefði orðið á ferðamennsku frá þeim tíma þegar hugmyndir um almannarétt komu fyrst fram. Ferðamennska og atvinnustarfsemi í kringum hana hefði aukist gríðarlega nú á allra síðustu árum og ferðamannaiðnaðurinn orðin að stórri og arðbærri atvinnugrein. Hann sagði LLÍ því leggja til breytingar í þá veru að draga úr afskiptum ríkisvaldsins af meðferð eignarlanda þar sem setja þurfi skýr og afdráttarlaus ákvæði um heimildir landeigenda til þess að vernda land sitt fyrir ágangi.

Örn talaði þá um Umhverfisstofnun og það að ekki væri heppilegt að sama stofnunin færi bæði með frumkvæði að verndaraðgerðum og eftirliti en líkt og í lögum nr. 60/2013 sem ekki tóku gildi var vald Umhverfisstofnunar aukið verulega og stofnunin sett bæði í sæti þess sem gerir kröfur, fylgir kröfunum eftir og úrskurðar stofnunin síðan jafnframt sjálf um kröfurnar. Tryggja þyrfti jafnræði aðila sem koma að nýtingu og meðferð lands og gæta bæri að því að sá sem hefði ríkustu hagsmunina af verndun og góðri umgengni um land hlyti að vera eigandi þess. Þá sagði hann það stangast á við eignarheimildir landeigenda að þeim sjálfum og/eða mönnum á þeirra vegum sé bönnuð för um sitt eigið land með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og finna mætti raunar í núgildandi lögum (17. gr. 1. mgr. 44/1999). Það stangaðist á við stjórnarskrárvarinn eignarétt landeiganda að honum sé bannað að fara um land sitt á vélknúnu ökutæki. Hann lagði því til að eignaréttur landeigandans verði virtur með þeim hætti að hann hafi eitthvað um það að segja hverjir aki á landi hans utan vega. Örn tók þó fram að slík heimild landeigandans yrði háð því skilyrði að umferðin ylli ekki spjöllum á landinu.

Örn ræddi því næst um gjaldtöku af ferðamönnum sem rædd hefur verið síðastliðið ár í því skyni að fjármagna vernd og uppbyggingu ferðamannastaða Nokkrar leiðir hafa verið nefndar en Örn sagði afstöðu stjórnar LLÍ vera þá að þeir sem njóta ættu að greiða. Stjórnin hefði tekið þátt í 25 manna starfshópi á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis um leiðir í gjaldtöku til að fjármagna uppbyggingu og vernd ferðamannastaða en ekkert hefði komið út úr þeirri vinnu. Sjálfur sagðist hann þeirrar skoðunar að aðeins þyrfti þrjá aðila til að koma sér saman um gjaldtöku, uppbyggingu og vernd ferðamannastaða. Það væru eigendur staðanna; ríki, sveitarfélög og landeigendur.

Valin hefði verið sú leið að notast við náttúrupassa, leið sem samtök ferðapjónustu vildu fara en væru nú mótfallin. Sú leið væri mjög umdeild í dag en helstu ókostir hennar væri ríkisbákn sem þyrfti að byggja upp í kringum það sem og væri eftirlitið illfrankvæmanlegt. Þá væri

engin trygging fyrir því að ríkið hrifsi ekki til sín það gjald sem innheimt er fyrir náttúrupassann eða hluta þess eins og gerst hefur með aðra markaða tekjustofna.

Örn sagði stjórn LLÍ þeirrar skoðunar að innheimta þyrfti gjald á ferðamannastöðum en sú gjaldtaka ætti fyrst og fremst að vera af þeim sem gera út atvinnurekstur á þessar náttúruperlur, hvort sem þær eru í eigu ríkisins eða einkaeign. Almennigur ætti ekki að borga og þannig virða hinn lögbundna almannarétt um frjálsta för um landið en ekki nota hann í viðskiptalegum tilgangi.

Örn fór loks yfir störf stjórnar LLÍ sem haldið hefur fimm bókaða stjórnarfundi frá síðasta aðalfundi. Þátttaka LLÍ í nefndum og samráði þar sem landeigendur eiga hagsmuna að gæta hefði aukist þar sem samtökunum væri nú oftast boðið að borðinu. Fulltrúar LLÍ hefðu m.a. tekið þátt í málþingi ásamt Bændasamtökunum og Ferðaþjónustu bænda sem bar yfirskriftina Landnýting og ferðaþjónusta með hliðsjón af almannarétti.

Örn sagði að með þjóðlendulögunum hefði átt að koma eignarhaldi á landi á hreint; hvað væri í eigu íslenska ríkisins og hvað væri í einkaeign. Engum hefði hins vegar dottið í hug þegar þjóðlendumálin voru í mótun að ríkisvaldið myndi ganga fram gegn landeigendum með þeim hætti sem raun ber vitni. Ástæða væri til þess að hafa áhyggjur af því hvernig þessum svæðum yrði stjórnað í framtíðinni enda varla ofmælt, sé litið til þeirra jarða sem eru í eigu ríkisins, að ríkið sé einn versti landeigandi á Íslandi. Svo komi fram aðilar sem krefjast þess í gegnum svokallaðan almannarétt að þeir eigi nýtingarrétt á landi í einkaeign og megi byggja starfsemi sína á slíkum notum án leyfis eigenda. Við þessum kröfum þurfi að bregðast af fyllstu hörku.

Örn endaði tölu sína á því að minna landeigendur á ábyrgð sína á því að skila landinu í jafn góðu eða betra ástandi en þegar þeir tóku við því og þakkaði stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á liðnu ári sem og landeigendum fyrir gott samstarf.

2. Reikningar samtakanna fyrir árið 2014

Guðrún María Valgeirsdóttir gerði grein fyrir því að annar skoðunarmanna hefði ekki undirritað ársreikninginn ennþá þar sem hann væri erlendis og hefði verið þar töluverðan tíma, a.m.k. síðan um miðjan janúar, en tók jafnframt fram að skoðunarmaður gerði ekki athugasemd við ársreikninginn. Guðrún María fór því næst yfir reikningana.

Reikningunum var dreift prentuðum á fundinum og fylgja fundargerðinni.

Rekstrarniðurstaða ársins var hagnaður upp á 288.026 krónur.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga samtakanna fyrir árið 2014

Lúðvík Lárusson þakkaði Erni góða yfirferð á verkefnum LLÍ og baráttumálunum. Hann gerði að umtalsefni að setja þyrfti ramma utan um almannaréttinn, Alþingi þyrfti að koma þar til og setja lög. Hagsmunir landeigenda væru brotnir, atvinnustarfsemi einkaaðila færi fram á eignarlandi landeigenda og Lúðvík hvatti félagið til þess krefja stjórnvöld um breytingar á því sem hann vildi kalla lögleysu.

Spurning barst úr sal til Guðrúnar Maríu um styrk sem getið er um í efnahagsreikningi. Guðrún María gerði grein fyrir því að um væri að ræða styrk sem fyrrverandi stjórn hefði samþykkt að veita landeigendum á Vatnsleysuströndinni sem stefndu í málaferli við landsnet um eignarland sem setja átti undir háspennulínu. Umræddur styrkur var greiddur út í fyrra.

Önnur spurning kom fram úr sal um hvort tryggingargjaldið frá því í fyrra væri óbreytt. Guðrún María sagði svo vera.

Erlendur Ingvarsson sagði það erfitt fyrir þetta litla og unga félag að eiga við kostnað og þá aðallega ferðakostnað. Hann kom með þá ábendingu að þetta væri reiknað út skv. ákveðnum taxta og bar hann saman við taxta búnaðarsambandsins sem væri aðeins 60 kr. Hann vildi benda á þarna væri hægt að rýmka fyrir í efnahagsreikningum félagsins.

Knútur Bruun ræddi um nauðsyn endurupptökuákvæðis um þjóðlendulög inn í stjórnarsýslulög og gerði efnahagsreikninginn því næst að umtalsefni og sagði tekjurnar hafa lækkað aðeins frá því í fyrra, væru um fjórar milljónir og meirhlutinn af því færi í ferðakostnað stjórnarmanna. Hann sagðist þó ekki gagnrýna það en vildi benda á að þótt margir væru á fundinum væru enn fleiri landeigendur fyrir utan, hringinn í kringum landið. Hann spurði fundarmenn hvort ekki þyrfti að finna nýjar fjáröflunarleiðir, hækka félagsgjöld eða finna aðrar fjáröflunarleiðir, svo hægt væri að verja meiri fjármunum í þessa baráttu, og spurði Knútur fundarmenn jafnframt að því hvort málefnið væri ekki það mikilvægt að nauðsynlegt væri að efla tekjustofnana og virkilega herja á þingmenn og aðra um hagsmuni landeigenda.

Guðrún María steig í pontu og vildi koma inn á efnahagsreikninginn í kjölfar umræðna. Hún sagði að kostnaður við ferðalög væri vissulega stór hluti reikninga en aukist hefði að LLÍ fengi boð á fundi og að taka þátt í ýmiskonar vinnu, s.s. vinnuhópum er tengjast löggjafarmálum o.fl. og stjórnin álitir þessi málefni það mikilvæg að nauðsynlegt væri að taka þátt. Þessi þátttaka auki hins vegar vissulega kostnaðinn. Þá sagði hún frá því að fundarmenn rukkuðu ekki alltaf LLÍ fyrir ferðakostnað en gjarnan væri ferðin nýtt, fundarmenn færu á aðra fundi og þeir aðilar greiddu ferðakostnað fundarmanna. Hún tók þó undir að hækka þyrfti tekjurnar, hvaða leiðir sem farið væri í því, einhverjir gætu etv. greitt hærri gjöld en aðrir ekki. Svo virtist sem að þegar þjóðlendumálunum lauk þá hefðu margir horfið úr félaginu og þó mörg mikilvæg málefni væru önnur en þau þá virtust ekki allir átta sig á því. Guðrún María lauk máli sínu á því að þakka fyrir allar ábendingar og athugasemdir.

Ábending kom úr sal frá Eggert þar sem hann tók undir með formanni að landeigendur ættu að skila landinu betur en þeir tóku við því. Hann spurði í framhaldinu hvort það væru nokkur vélknúin tæki sem ekki yllu skemmdum á landi.

Ábending kom úr sal að ekki væru nægilega margir landeigendur félagar að LLÍ. Stemmningin hefði myndast í kringum þjóðlendulögin en stemmningunni hefði dálítið lokið þegar umstangið í kringum þau minnkaði. Fundarmaður lagði til að félagið sækti fram og skýrði fyrir landeigendum að LLÍ ynni fyrir alla landeigendur, ekki aðeins í tengslum við þjóðlendulögin heldu um almenna hagsmuni, réttindi og skyldur landeigenda. Hann skoraði á stjórnina að vinna að kynningu á þessu.

Ábending kom úr sal um hvernig fjölga ætti félögum en fundarmaður lagði til að stjórnin kynnti drög að landsskipulagsstefnu sem nú liggur fyrir. Fundarmaður sagðist telja að allir landeigendur myndu þá rísa upp og sækja um aðild þar sem um svo stórt mál væri að ræða.

Örn formaður kom þá í pontu og tók undir með Guðrúnu Maríu að rétta leiðin væri ekki endilega að hækka árgjaldið. Það virtist hins vegar því miður vera staðan að fólk segði sig úr samtökunum eftir þjóðlendumálin, t.d. hefði félögum fækkað á síðasta ári. Einnig væri félagsleg deyfð almennt ríkjandi um land allt, og hana væri örugglega að finna víðar en hjá LLÍ. Hann sagði að LLÍ hefði ekki tekist nægilega vel að koma til skila að hvaða málum væri verið að vinna að og gera þyrfti átak í að koma samtökunum betur á framfæri.

Örn svaraði þá hugleiðingum Knúts og sagðist vita að honum væri endurupptökuákvæði í þjóðlendulögin hugleikið. Örn minntist þá aftur á fundinn með forsætisráðherra og gat þess að hann hefði verið í sambandi við ráðuneytið undanfarna daga en málið væri fast vegna andstöðu embættismanna. Örn sagði að þau hefðu verið að vinna í einfaldara ákvæði inn í þjóðlendulögin. Stjórnin myndi senda það til ráðuneytisins á mánudag. Jafnframt hefði hann óskað eftir öðrum fundi með forsætisráðherra áður en hurðinni verður skellt á málið.

Örn svaraði spurningu úr sal um hvort ekki væri allur utanvegarakstur eyðileggjandi. Örn sagði að það kynni vel að vera, hins vegar væri það svo að á meðan landeigendur störfuðu sem bændur þyrftu þeir að fara um á vélknúnum tækjum. Það gerðu menn hins vegar ekki að gamni sínu, og þeir spóluðu ekki upp landið að gamni sínu. Hann sagði e.t.v. einhverja kunna að fara illa með landið í stéttinni en þá þyrfti að setja lög um það, líkt og lög um dýrahald. Þannig að hægt væri að taka á landníðingum þar sem það á við.

Örn óskaði í lokin eftir hugmyndum frá félögum um hvernig hægt væri að koma starfsemi LLÍ betur á framfæri og tók fram að gjarnan mætti senda stjórnarmönnum tölvupóst um það.

Elín spurði loks hvort athugasemdir væru um ársreikning en ársreikningur samtakanna var samþykktur samhljóða með uppréttingu handa.

4. Árgjöld til samtakanna fyrir árið 2015.

Elín bar upp tillögu um óbreytt árgjald. 7.000 kr. fyrir einstaklinga, 50.000 kr. fyrir sveitarfélög með innan við 500 íbúa, 75.000 kr. fyrir sveitarfélög með 501-5.000 íbúa og 150.000 kr. fyrir sveitarfélög með 5001 eða fleiri íbúa, 25.000 kr. fyrir aðra lögaðila. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

5. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar

Tillaga kom fram um að Örn Bergsson, héldi áfram formennsku. Engin önnur tillaga kom fram. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um aðra stjórnarmenn:

- Guðrún María Valgeirsdóttir
- Sigurður Jónsson
- Snorri Jóhannesson

- Elín R. Líndal

Ekki komu fram tillögur um fleiri aðila. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Lögð var fram tillaga um eftirfarandi varamenn:

- Aðalsteinn Jónsson
- Erlendur Ingvarsson
- Þórólfur Sveinsson
- Haukur Halldórsson
- Björn Magnússon

Engar aðrar tillögur settar fram. Samþykkt með lófaklappi.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn yrðu áfram þeir Ólafur H. Jónsson og Jóhannes Kristjánsson. Engar aðrar tillögur voru lagðar fram. Samþykkt með lófaklappi.

Fundi slitið en við tók málþing um landskipti og dreifða eignaraðild á vegum LLÍ.